

**Nd.**

**112. Lög**

um happdrætti (lotteri) og hlutaveltur (tombólur).

(Afgreidd frá Nd. 9. mars).

1. gr.

Happdrætti, hveurrar tegundar sem er, má ekki hafa nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins, og ekki hlutaveltur nema með leyfi lögreglustjóra.

Peningahappdrætti eða önnur þvilik happspil má ekki setja á stofn án lagaheimildar.

2. gr.

Það er bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvilik happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu lúta.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. sæta sektum til ríkissjóðs, 50–2000 kr., en brot gegn

2. gr. 500–5000 kr., og skal fara með mál út af þeim sem almenn lög-  
reglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.